

## 14. gr.

20

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 króna sektum, er renna í sýslusjóð og skulu öll veiðarfæri gerð upptæk, sem notuð eru ólöglega. 22. febr.

## 15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar með fundarboðinu.

## 16. gr.

Nú þykir æskilegt að slita þessum félagsskap, þá er það heimilt ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja félagið niður með  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Fiskiræktarfélagið Blöndu, frá 5. marz 1930.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*

## S A M Þ Y K K T

21

fyrir félagið Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu. 22. febr.

## 1. gr.

Félagið heitir „Rafveita Austur-Húnavatnssýslu“, og er heimilisfang þess og varnarþing á Blönduósi.

## 2. gr.

Þátttakendur félagsins eru:

- a. Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu,
- b. Kaupfélag Húnvetninga og Sláturfélag Austur-Húnvetninga, og
- c. Sveitarsjóður Blönduósshrepps.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að afla íbúum Blönduóss og fyrirtækjum, sem þar eru rekin, raforku til heimilisþarfa, iðnaðar og annara þarfa. Ennfremur að

**21** stuðla að því, að veitutaugar verði lagðar og raforku veitt út um sveitirnar, 22. febr. eftir því sem fært verður.

#### 4. gr.

Yfirstjórn félagsins skipa níu menn. Þeir eru kosnir 3 af hverjum þátttakanda til þriggja ára í senn.

Stjórnin kýs sér sjálf formann. Á fundum hennar ræður afl atkvæða úrslitum. Þeir eru því aðeins lögmætir að minnst 7 stjórnarmeðlimir séu á fundi.

Stjórnin hefir æðsta vald í öllum málum félagsskaparins og skal gæta hagsmuna hans í hvívetna. Hún ein getur svo bindandi sé gert meiriháttar ákvarðanir, samþykkt gjaldskrá, úrskurðað reikninga endanlega o. s. frv. Hún skipar rafveitustjóra, og setur honum erindisbréf.

#### 5. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Þar skal kosin framkvæmdastjórn og 2 endurskoðendur, til eins árs í senn, úrskurðaðir reikningar rafveitunnar, og tekin fyrir önnur þau mál, er rafveituna varða. Á aðalfundi ræður afl atkvæða.

#### 6. gr.

Stjórnin kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, þannig, að fulltrúar hvers þátttakanda kjósa 1 mann hver, til að stjórna framkvæmdum milli stjórnarfundu. Nefnd sú kýs sér sjálf formann, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Framkvæmdanefnd hefir á hendi stjórn rafveitunnar og reikningshald hennar. Reikningsárið er almanksárið. Hún sér um viðhald hennar og umbætur, sölu á raforku og allt, er að starfrækslu veitunnar lítur. Hún skal gefa yfirstjórn félagsins þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Ennfremur semur hún nánari reglur — ef með þarf — um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar samþykktar og reglugerðarinnar, er samþykkt af yfirstjórn. Framkvæmdanefndin gerir tillögur til yfirstjórnar félagsins um gjaldskrá fyrir veituna og undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála félagsins. Framkvæmdanefnd ræður starfsmenn rafveitunnar, aðra en rafveitustjóra, og vikur þeim frá.

Reikningar rafveitunnar skulu lagðir fyrir sýslufund Austur-Húnavatns-sýslu til athugunar.

#### 7. gr.

Stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrstu virkjunar og raforkuveitu til íbúa Blönduóss bera þátttakendur að sínum þriðjung í hver. Kostnaðurinn við veitukerfi um aðra hluta sýslunnar og aukningu orkuvers greiðist eftir því sem um semst, þegar í verður ráðizt.

#### 8. gr.

Leita skal staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á samþykkt þessari. Breytingar á henni verða því aðeins gildar að þær hafi hlotið staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. **21**  
 júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum **22.** febr.  
 þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vígfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

**22**

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

**22.** febr.

### 1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu er fyrirtæki, sem er eign samnefnds félags, og rekið í þeim tilgangi, að veita raforku til íbúa Blönduóss norðan ár og sunnan, og annara íbúa Austur-Húnavatnssýslu eftir því sem fært verður, og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

### 2. gr.

Stjórn rafveitunnar er í höndum 3ja manna framkvæmdanefndar, sem kosin er af yfirstjórn félagsins (sbr. 6. gr. samþ. félagsins). Yfirstjórn félagsins skipar einnig rafveitustjóra, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera löggiltur rafvirki við háspennuvirki. Hann á sæti á fundum rafveitustjórnar og hefir þar tillögurétt.

### 3. gr.

Rafveitustjórn hefir á hendi stjórn rafveitunnar og reikningshald hennar. Reikningsárið er almanaksárið. Hún sér um viðhald hennar og umbætur, sölu á raforku og allt er að starfrækslu veitunnar litur. Hún skal gefa yfirstjórn félagsins þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Ennfremur semur hún nánari reglur — ef með þarf — um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar reglugerðar, er samþykktar séu af yfirstjórn. Rafveitustjórn gerir tillögur til yfirstjórnar félagsins um gjaldskrá fyrir veituna, og undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála félagsins. Rafveitustjórn ræður starfsmenn rafveitunnar, aðra en rafveitustjóra, og vikur þeim frá.

Reikningar rafveitunnar skulu lagðir fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til athugunar.

### 4. gr.

Rafveitustjóri annast daglega starfrækslu veitunnar, eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er